

LÖG

55

31. maí

um

viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið vikulega að minsta kosti, nema öðruvísi sje um samið.

Ákvæði þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein, í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sje ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

3. gr.

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum,

55

4. gr.

31. maí

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

56

L Ö G

31. maí

um

X X

skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 5. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús, höfum látið fella meginmál þeirra inn í texta laganna frá 1923, og gefum þau hjermeð út svo breytt sem lög um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

X

1. gr.

Í öllum kaupstöðum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðgangi er seld að.

2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemtanir,
- b. Sjónleikar,